



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 29. ágúst 2013

Mættir:

Björn Steinar Pálmason
Guðbjartur Gunnarsson
Gyða Steinsdóttir, formaður Framkvæmdaráðs og fundarstjóri
Kristinn Jónasson
Harpa Auðundsdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness

Fundarstaður og tími: Bæjarskrifstofur Grundarfjarðar, 29.08.2013 kl. 10:00

Gyða Steindóttir ritar fundargerð

Dagskrá : Earth check umhverfisvottun.

Harpa Auðundsdóttir tilkynnt að hún lætur af störfum núna um mánaðarmótin þar sem henni hefur boðist framtíðarstarf. Framkvæmdaráð þakkar henni samstarfið og óskar henni alls hins besta á nýjum vettvangi.

Harpa fór yfir þau verkefni sem hún hefur komið að frá síðasta fundi. Sagði hún frá nýju skráningarkerfi varðandi innkaup sveitarfélaganna.

Rætt var um framkvæmdaáætlun og komu úttektaraðila í október. Framkvæmdaáætlun verður í höndum starfsmanna Náttúrustofu Vesturlands. Búið er að skila inn þeim gögnum sem þarf að skila inn fyrir vottun en ljúka þarf gerð framkvæmdaáætlunar. Gert er ráð fyrir Theódóru Matthíasdóttur úr barnsburðarleyfi í janúar 2014.

Rætt var um umhverfisvottun almennt og aðkomu Earth Check. Gæta þarf að styrkja grunnvinnu innan samfélaganna og bæta innviði á svæðinu. Hvetja þarf fyrirtæki til frekari flokkunar og umhverfisvænari innkaupa.

Gert er ráð fyrir fundi með forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands í september vegna breytinga á störfum umhverfisfulltrúa Snæfellsness og ábendinga Hörpu um verkefnið.

Björn Steinar lagði fram tillögu um að samningi við Náttúrustofu Vesturlands verði sagt upp og hann endurskoðaður. Samþykkt að samningi verði sagt upp og formanni falið að senda Náttúrustofu Vesturlands erindi.

Fundi slitið kl.: 11:00